

116. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn föstudaginn 15. janúar 2021

Fundargerð

Fundurinn var haldinn á Seyðisfirði og var um sameiginlegan fund stjórnar Austurbrúar og stjórnar SSA að ræða. Hófst fundurinn með ferð í rútu frá Egilsstöðum kl. 11:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Þráinn Lárusson. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Skoðunarferð og kynning

Stjórn fór í skoðunarferð um Seyðisfjörð og kynnti sér stöðu mála í kjölfar skriðufallanna í desember. Framkvæmdastjóri kynnti einnig frumdrög greiningar á áhrifum skriðufallanna á atvinnulíf á Seyðisfirði sem Austurbrú vinnur að í samstarfi við Múlaping.

Stjórn þakkar öllum þeim sem komu og kynntu stöðu mála fyrir stjórninni.

2. Önnur mál

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir þau mál sem efst eru á baugi í starfi Austurbrúar.

Engin önnur mál, fundi slitið kl. 16:00